

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 510/2011**2017/EES/40/15**

frá 11. maí 2011

um að setja staðla um mengunarvarnargetu léttra atvinnuökutækja sem hluta af samþættri stefnu Sambandsins um að draga úr losun koltvísýrings frá léttum ökutækjum (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,

sambærilegan hátt og að þau þróunarlönd, sem best eru stödd efnahagslega, legðu sitt af mörkum í samræmi við sína getu.

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópu-sambandsins, einkum 1. mgr. 192. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópu-sambandsins,

- 2) Árið 2009 lauk framkvæmdastjórnin endurskoðun á áætlun Sambandsins um sjálfbæra þróun með áherslu á þau vandamál, sem eru hvað mest aðkallandi að því er varðar sjálfbæra þróun, s.s. flutninga, loftslagsbreytingar, lýðheilsu og orkusparnað.

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópu-sambandsins ⁽¹⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

- 3) Stefnu og ráðstöfunum skal hrundið í framkvæmd innan einstakra aðildarríkja og á vettvangi Sambandsins í öllum geirum hagkerfis Sambandsins, og ekki aðeins í geirum iðnaðar og orkumála, til að ná að draga úr losun eins og nauðsynlegt er. Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 406/2009/EB frá 23. apríl 2009 um átak aðildarríkjanna til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda til að uppfylla skuldbindingar Bandalagsins um skerðingu á losun gróðurhúsalofttegunda fram til ársins 2020 ⁽⁴⁾ kveður á um meðaltalsskerðingu um 10% samanborið við gildi ársins 2005 í geirum sem falla ekki undir viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir, sem tekið var upp með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins ⁽⁵⁾, þ.m.t. flutningar á vegum. Flutningar á vegum er sá geiri sem veldur næstmestri losun gróðurhúsalofttegunda í Sambandinu og losun af hans völdum, þ.m.t. losun frá léttum atvinnuökutækjum, heldur áfram að aukast. Ef losun vegna flutninga á vegum heldur áfram að aukast mun það veða verulega upp á móti því sem hefur verið gert í öðrum geirum í tengslum við baráttuna gegn loftslagsbreytingum.

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, sem var samþykktur af hálfu Evrópubandalagsins með ákvörðun ráðsins 94/69/EB ⁽³⁾, miðar að því að halda styrk gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu stöðugum undir tilteknum gildum þannig að komið verði í veg fyrir hættulegar veðurfarsbreytingar af mannavöldum. Til að þetta markmið náist má heildarhækkun hnattræns ársmeðalhita við yfirborð jarðar ekki vera meiri en 2 gráður á selsíus miðað við gildin fyrir iðnbyltinguna. Í fjórðu matsskýrslu milliríkjanevndarinnar um loftslagsbreytingar (IPCC) kemur fram að eigi markmiðið að nást verði losun gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu að ná hámarki eigi síðar en 2020. Á fundi sínum 8. til 9. mars skuldbatt leiðtogaráðið sig til að draga úr heildarlosun gróðurhúsalofttegunda í Bandalaginu um a.m.k. 20% samanborið við gildi ársins 1990 fyrir 2020 og um 30% að því tilskildu að önnur iðnríki skuldbindi sig til að minnka losun á

- 4) Markmið Sambandsins hvað varðar ný ökutæki veita framleiðendum meiri vissu í áætlanagerð og meiri sveigjanleika til að uppfylla kröfur um að draga úr losun koltvísýrings en mögulegt væri með aðskildum, landsbundnum markmiðum um að draga úr losun. Þegar settir eru staðlar um mengunarvarnargetu er mikilvægt að hafa í huga áhrif þeirra á markaði og á samkeppnishæfni framleiðenda, beinan og óbeinan kostnað, sem fyrirtæki

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtuð. ESB L 145, 31.5.2011, bls. 1. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nevndarinnar nr. 111/2017 frá 16. júní 2017 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtuð. EB C 44, 11.2.2011, bls. 157.

⁽²⁾ Afstaða Evrópuþingsins frá 15. febrúar 2011 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 31. mars 2011.

⁽³⁾ Stjtuð. EB L 33, 7.2.1994, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtuð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 136.

⁽⁵⁾ Stjtuð. EB L 275, 25.10.2003, bls. 32.

verða fyrir, og ávinninginn að því er varðar örvun nýsköpunar og minnkandi orkunotkun og eldsneytiskostnað.

- 5) Til þess að auka samkeppnishæfni evrópsks bílaiðnaðar skal notast við hvatakerfi eins og samjöfnun vistvænnar nýsköpunar og veitingu sérstakra ívilnana.
- 6) Í orðsendingum sínum frá 7. febrúar 2007 með yfirskriftina „Niðurstöður endurskoðunar á áætlun Bandalagsins um að draga úr losun koltvísýrings frá fólksbifreiðum og léttum atvinnuökutækjum“ og „Samkeppnishæfur reglur um vélknúin ökutæki á 21. öldinni (CARS21)“, undirstrikaði framkvæmdastjórnin að markmið Bandalagsins fyrir nýjar fólksbifreiðar um 120 g losun á koltvísýringi að meðaltali á kílómetra myndi ekki nást fyrir árið 2012 án viðbótarráðstafana.
- 7) Í þessum orðsendingum var lögð til samþætt stefna með það fyrir augum að ná markmiði Bandalagsins um 120 g meðallosun á koltvísýringi á kílómetra frá nýjum fólksbifreiðum og léttum atvinnuökutækjum sem skráð eru í Bandalaginu fyrir árið 2012 með áherslu á að draga úr losun koltvísýrings með bindandi hætti til að ná fram, með tækniumbótum að því er varðar hreyfla ökutækja, meðaltalslosun fyrir nýjar bifreiðar sem nemur 130 g af koltvísýringi á kílómetra, og frekari minnkun um 10 g af koltvísýringi á kílómetra, eða sambærilegt, ef slíkt er nauðsynlegt af tæknilegum ástæðum, og þá með öðrum tæknilegum umbótum, þ.m.t. betri eldsneytisnýtni léttra atvinnuökutækja.
- 8) Ákvæðin um að hrinda í framkvæmd markmiðinu varðandi losun frá léttum atvinnuökutækjum skulu vera í samræmi við lagarammann um framkvæmd markmiðanna varðandi losun frá nýjum fólksbifreiðum sem settur er fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 443/2009 frá 23. apríl 2009 um að setja staðla um mengunarvarnargetu nýrra fólksbifreiða sem hluta af samþættri stefnu Bandalagsins um að draga úr losun koltvísýrings frá léttum ökutækjum ⁽¹⁾.
- 9) Lagaramminn til að ná fram meðaltalsmarkmiðinu fyrir ný, létt atvinnuökutæki skal tryggja að markmiðin um að draga úr losun séu hlutlaus hvað varðar samkeppnisstöðu, félagslega sanngjörn og sjálfbær og taki tillit til fjölbreytileika evrópskra bifreiðaframleiðenda og forðist alla óréttmæta röskun á samkeppni þeirra á milli. Lagaramminn skal samræmast
- því heildarmarkmiði að ná markmiðum Sambandsins um að draga úr losun og honum skulu fylgja önnur notendatengd stjórnæki, s.s. aðgreindir bifreiða- og orkuskiptar eða ráðstafanir til að takmarka hraða léttra atvinnuökutækja.
- 10) Til að viðhalda fjölbreytileika á markaðinum fyrir létt atvinnuökutæki og tryggja getu hans til að uppfylla ólíkar þarfir neytenda skal skilgreina markmiðin um losun á koltvísýringi frá léttum atvinnuökutækjum samkvæmt notkun ökutækjanna með línulegum hætti. Massi er viðeigandi mælipáttur til að lýsa þessari notkun þar sem hann veitir samsvörum við núverandi losun og skilar raunhæfari markmiðum sem eru hlutlaus hvað varðar samkeppnisstöðu. Auk þess eru upplýsingar um massa auðveldlega tiltækar. Safna skal saman upplýsingum um aðra mælipætti varðandi notkun, s.s. grunnflöt (meðalsporvidd sinnum hjólhaf) og farmþunga, til að auðvelda langtímatá á þessari nálgun sem byggist á notkun.
- 11) Þessi reglugerð stuðlar á virkan hátt að vistvænni nýsköpun og tekur tillit til tæknipróunar framtíðarinnar sem getur bætt langtímasamkeppnishæfni evrópska bifreiðaiðnaðarins og skapað fleiri hágæðastörf. Til að geta metið á kerfisbundinn hátt umbætur að því er varðar losun fyrir tilstilli vistvænnar nýsköpunar ætti framkvæmdastjórnin að íhuga þann möguleika hvort hægt sé að fella ráðstafanir um vistvæna nýsköpun inn í endurskoðunina á prófunaraðferðunum skv. 3. mgr. 14. gr. í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 frá 20. júní 2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja ⁽²⁾, að teknu tilliti til tæknilegra og efnahagslegra áhrifa slíkrar innfellingar.
- 12) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/94/EB frá 13. desember 1999, sem varðar aðgengi neytenda að upplýsingum um eldsneytiseyðslu og koltvísýringslosun við markaðssetningu nýrra fólksbifreiða ⁽³⁾, er nú þegar gerð krafa um að kynningarrit fyrir bifreiðar veiti endanlegum notendum gögn um opinbera koltvísýringslosun og opinbera eldsneytiseyðslu ökutækisins. Framkvæmdastjórnin hefur, í tilmælum sínum 2003/217/EB frá 26. mars 2003 um beitingu ákvæðanna í tilskipun 1999/94/EB um kynningarefni gagnvart öðrum miðlum ⁽⁴⁾, túlkað það sem svo að auglýsingar séu meðtaldar. Gildissvið tilskipunar 1999/94/EB skal því rýmkað, í síðasta lagi fyrir 2014, svo það taki til léttra atvinnuökutækja, þannig að auglýsingar fyrir öll, létt atvinnuökutæki þurfi að veita endanlegum notendum gögn um opinbera

⁽²⁾ Stjútíð. EB L 171, 29.6.2007, bls. 1.

⁽³⁾ Stjútíð. EB L 12, 18.1.2000, bls. 16.

⁽⁴⁾ Stjútíð. ESB L 82, 29.3.2003, bls. 33.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 1.

koltvísýringslosun og opinbera eldsneytiseyðslu ökutækisins, þegar upplýsingar tengdar orku og verði eru birtar.

- 13) Þar sem kostnaður við rannsóknir, þróun og framleiðslu á hverja einingu er mjög hár hvað varðar fyrstu kynslóðir ökutækja með mjög litla kolefnislosun sem settar eru á markað í kjölfarið á gildistöku þessarar reglugerðar, er með henni leitast við að hraða og auðvelda, til bráðabirgða að setja ökutæki með sérlega litla kolefnislosun á markað Sambandsins á upphafsstigum markaðssetningar þeirra.
- 14) Notkun tiltekins óhefðbundins eldsneytis getur haft í för með sér að dregið sé umtalsvert úr losun koltvísýrings ef miðað er við orku frá uppsprettu í hjól (e. well-to-wheel). Af þessum sökum inniheldur þessi reglugerð sérstök ákvæði sem eiga að stuðla að frekari útbreiðslu á tilteknum ökutækjum sem ganga fyrir óhefðbundnu eldsneyti á markaði Sambandsins.
- 15) Með það fyrir augum að bæta gagnasöfnun um eldsneytiseyðslu og mælingar á henni skal framkvæmdastjórnin eigi síðar en 1. janúar 2012 íhuga hvort breyta ætti viðeigandi löggjöf í því skyni að fella inn í hana þá skyldu á framleiðendur, sem leitast eftir gerðarviðurkenningu fyrir ökutæki í flokki N₁, eins og skilgreint er í II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum, sem ætlaðar eru í slík ökutæki, ⁽¹⁾ að öll ökutæki séu búin mæli til að mæla eldsneytiseyðslu.
- 16) Til að tryggja samræmi við reglugerð (EB) nr. 443/2009 og til að forðast misnotkun skal markmiðið gilda um ný, létt atvinnuökutæki sem skráð eru í Sambandinu í fyrsta skipti og hafa ekki verið skráð áður utan Sambandsins nema í takmarkaðan tíma.
- 17) Í tilskipun 2007/46/EB er komið á samhæfðum ramma sem inniheldur stjórnsýsluákvæði og almennar tæknilegar kröfur um viðurkenningu allra nýrra ökutækja, sem falla undir gildissvið hennar. Sá aðili, sem ber ábyrgð á að fara eftir þessari reglugerð, skal vera sá sami og er ábyrgur fyrir öllum þáttum gerðarviðurkenningar í samræmi við tilskipun 2007/46/EB, og fyrir því að tryggja samræmi framleiðslunnar.
- 18) Veita skal framleiðendum svigrúm til að ákveða hvernig þeir ná markmiðum sínum samkvæmt þessari reglugerð og leyfa þeim að reikna út meðaltalslosun á nýjum ökutækjum sínum, í stað þess að þurfa að virða markmið um losun á koltvísýringi fyrir hvert og eitt ökutæki. Því ætti að krefjast þess af framleiðendum að þeir tryggi að sértæk meðaltalslosun fyrir öll ný létt atvinnuökutæki, sem skráð eru í Sambandinu, og þeir bera ábyrgð á fari ekki yfir markmið um meðaltalslosun fyrir þessi ökutæki. Þessar kröfur ætti að taka upp í áföngum á árunum 2014 til 2017 til að auðvelda innleiðingu þeirra. Þetta er í samræmi við veitta fresti og lengd tímabils innleiðingar í áföngum sem ákvarðað er í reglugerð (EB) nr. 443/2009.
- 19) Til að tryggja að markmiðin endurspegli sérkenni lítilla framleiðenda og framleiðenda, sem framleiða fyrir markaðskima, og séu í samræmi við getu framleiðandans til að draga úr losun skal setja önnur markmið um að draga úr losun fyrir slíka framleiðendur þar sem tekið er tillit til tæknilegrar getu ökutækja tiltekins framleiðanda til að draga úr sértækri losun þeirra á koltvísýringi og sem eru í samræmi við eiginleika þeirra markaðssviða sem um ræðir. Þessi undanþága skal koma til umfjöllunar í endurskoðun á markmiðum um sértæka losun í I. viðauka sem ljúka skal í síðasta lagi í upphafi ársins 2013.
- 20) Með áætlun Sambandsins um að draga úr losun koltvísýrings frá fólksbifreiðum og léttum atvinnuökutækjum var komið á samþættri stefnu með það fyrir augum að ná markmiðum Sambandsins um losun sem nemur 120 g af koltvísýringi á kílómetra fyrir 2012, um leið og kynnt var til leiks sýn til lengri tíma um frekari minnkun á losun. Reglugerð (EB) nr. 443/2009 rennir stoðum undir þessa sýn til lengri tíma með því að setja markmið um 95 g losun koltvísýrings á kílómetra fyrir nýjar bifreiðar. Til að tryggja samræmi við þessa stefnu og til að tryggja iðnaðinum vissu í áætlanagerð skal kveða á um langtíamarkmið fyrir sértæka losun koltvísýrings léttra atvinnuökutækja árið 2020.
- 21) Til að tryggja sveigjanleika til að framleiðendur geti ná markmiðum um losun samkvæmt þessari reglugerð geta framleiðendur samþykkt að stofna til samlags á opnum og gegnsæjum forsendum og án mismununar. Þegar stofnað er til samlags skal sameiginlegt markmið samlagsins koma í stað markmiða einstakra framleiðenda, og skulu aðilar samlagsins ná því markmiði sameiginlega.
- 22) Sértækri losun koltvísýrings frá fullbúnu ökutæki í áföngum skal úthlutað framleiðanda grunnökutækisins.
- 23) Til að tryggja að gildin fyrir losun koltvísýrings og eldsneytisnýtni fullbúinna ökutækja í áföngum séu dæmigerð skal framkvæmdastjórnin leggja fram sértæka málsmeðferð og íhuga, eftir því sem við á, hvort endurskoða eigi löggjöfina um gerðarviðurkenningu.

(¹) Stjtið. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1.

- 24) Til að tryggja að markmiðum þessarar reglugerðar sé náð er nauðsynlegt að notast við traust kerfi til að tryggja að reglum sé fylgt.
- 25) Sértek losun koltvísýrings frá nýjum, léttum atvinnuökutækjum er mæld á samræmdum grundvelli í Bandalaginu í samræmi við þær aðferðir sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 715/2007. Til að halda stjórnarsýsluálagi vegna kerfisins í lágmarki skulu gögn um skráningu nýrra ökutækja innan Sambandsins, sem aðildarríkin taka saman og senda til framkvæmdastjórnarinnar, höfð til viðmiðunar þegar lagt er mat á það hvort farið sé að ákvæðum. Til að tryggja samkvæmni þeirra gagna sem notuð eru til að meta hvort farið er að ákvæðum skal samræma reglur um gagnasöfnun og skýrslugjöf eins og mögulegt er.
- 26) Í tilskipun 2007/46/EBE er þess krafist að framleiðendur gefi út samræmisvottorð fyrir öll ný létt atvinnuökutæki og að aðildarríkin leyfi ekki að ný, létt atvinnuökutæki verði skráð og tekin í notkun nema þeim fylgi gilt samræmisvottorð. Gögn, sem aðildarríki safna saman, skulu vera í samræmi við það samræmisvottorð sem framleiðandi nýs, létt atvinnuökutækis gefur út og byggja eingöngu á þessu skjali. Notast skal við staðlaðan gagnagrunn Sambandsins fyrir gögn er varða samræmisvottorð. Hann skal notaður sem eina tilvísunin sem gerir aðildarríkjum kleift, með auðveldari hætti, að halda utan um skráningargögn sín þegar ökutæki eru nýskráð.
- 27) Meta skal á vettvangi Sambandsins hvort framleiðendur uppfylli markmið þessarar reglugerðar. Framleiðendur með sértæka meðaltalslosun koltvísýrings, sem er meiri en það sem leyfilegt er samkvæmt þessari reglugerð, skulu greiða umframlosunargjald að því er varðar hvert almanaksár frá 1. janúar 2014. Gjaldið skal vera aðlagð sem fall af því hversu mikið framleiðendur fara fram úr markmiðum sínum. Til að tryggja samræmi skal tilhögun gjaldtökunnar vera samskonar þeirri sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 443/2009. Fjárhæðir umframlosunargjaldsins skulu reiknast sem tekjur í almennum fjárlögum Evrópusambandsins.
- 28) Með hliðsjón af tilgangi og málsmeðferðarreglum þessarar reglugerðar skulu allar landsbundnar ráðstafanir, sem aðildarríki grípur til eða innleiðir í samræmi við 193. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (SUSE), ekki koma á auknum eða strangari viðurlögum gagnvart framleiðendum sem ná ekki markmiðum sínum samkvæmt þessari reglugerð.
- 29) Þessi reglugerð skal ekki hafa áhrif á fullnaðarbeitingu samkeppnisreglna Sambandsins.
- 30) Taka skal til athugunar nýtt fyrirkomulag til að ná langtíamarkmiðinu, einkum hvað varðar halla ferilsins, mæliþætti er varða notkun og kerfi vegna umframlosunargjaldsins.
- 31) Hraði ökutækja hefur mikil áhrif á eldsneytisnotkun og koltvísýringslosun þeirra. Auk þess er mögulegt, þar sem hraðatakmarkanir fyrir létt atvinnuökutæki eru ekki til staðar, að fyrir hendi sé samkeppnisþáttur sem miðar að því að ná sem mestum hámarkshraða sem gæti leitt til of stórra aflrása og tilheyrandi óskilvirkni við hægfara notkunarskilyrði. Því er rétt að rannsaka hagkvæmni þess að rýmka svið tilskipunar ráðsins 92/6/EBE frá 10. febrúar 1992 um uppsetningu og notkun búnaðar sem takmarkar hraða í tilteknum flokkum vélknúinna ökutækja innan Bandalagsins ⁽¹⁾, í þeim tilgangi að hún taki einnig til létttra atvinnuökutækja sem falla undir þessa reglugerð.
- 32) Fela skal framkvæmdastjórninni framkvæmdavald til að tryggja samræmd skilyrði við framkvæmd þessarar reglugerðar, einkum vegna samþykktar ítarlegra reglna um vöktun á og skýrslugjöf um meðallosun, nánar tiltekið söfnun, skráningu, kynningu, flutning, útreikning og sendingu gagna um meðallosun, og beitingu krafanna, sem settar eru fram í II. viðauka, sem og til að samþykkja ítarlegt fyrirkomulag um innheimtu á umframlosunargjaldi og ítarleg ákvæði um málsmeðferðina við að samþykkja nýsköpunartækni. Þessum völdum skal beitt í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu ⁽²⁾.
- 33) Framkvæmdastjórnin skal hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins til að breyta þeim kröfum sem gilda um vöktun og skýrslugjöf, sem mælt er fyrir um í II. viðauka, í ljósi reynslunnar af framkvæmd þessarar reglugerðar, til að geta aðlagð tölugildið M_0 , sem um getur I. viðauka, að meðalmassa nýrra léttra atvinnuökutækja á næstliðnum þremur almanaksárum, til að geta sett reglur um túlkun á viðmiðunum vegna undanþáguréttta, um innihald umsókna um undanþágu og um innihald og mat á áætlunum um að draga úr sértækri losun á koltvísýringi, sem og til að aðlaga formúlurnar, sem settar eru fram í I. viðauka, til að endurspegla hverjar þær breytingar sem verða á lögboðnum prófunaraðferðum vegna mælingar á sértækri losun koltvísýrings. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga.

(1) Stjtuð. EB L 57, 2.3.1992, bls. 27.

(2) Stjtuð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13.

34) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. að ákvarða kröfur um mengunarvarnargetu vegna losunar koltvísýrings fyrir ný, létt atvinnuökutæki, og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs og áhrifa aðgerðarinnar, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna, eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessu markmiði.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðfangsefni og markmið

1. Þessi reglugerð ákvarðar kröfur um mengunarvarnargetu vegna losunar koltvísýrings fyrir ný, létt atvinnuökutæki. Í þessari reglugerð er, með tækniumbótum að því er varðar ökutæki, ákvarðað að meðaltalslosun á koltvísýringi fyrir ný, létt atvinnuökutæki skuli vera 175 g af koltvísýringi á kílómetra, samkvæmt mælingu í samræmi við reglugerð (EB) nr. 715/2007 og framkvæmdarráðstafanir hennar og nýsköpunartækni.

2. Með fyrirvara um staðfestingu á hagkvæmni, líkt og tilgreint er í 1. mgr. 13. gr., ákvarðar þessi reglugerð, frá og með árinu 2020, markmið um 147 g meðallosun koltvísýrings á kílómetra fyrir ný, létt atvinnuökutæki sem skráð eru í Sambandinu.

2. gr.

Gildissvið

1. Þessi reglugerð gildir um vélknúin ökutæki í flokki N₁ samkvæmt skilgreiningu í II. viðauka við tilskipun 2007/46/EB með viðmiðunarmassa sem er ekki meiri en 2610 kg og um ökutæki í flokki N₁ sem gerðarviðurkenning hefur verið rýmkuð fyrir í samræmi við 2. mgr. 2. gr. í reglugerð (EB) nr. 715/2007 („létt atvinnuökutæki“) sem eru skráð í Sambandinu í fyrsta skipti og hafa ekki áður verið skráð utan Sambandsins („ný, létt atvinnuökutæki“).

2. Ekki skal telja með fyrri skráningu utan Sambandsins sem fór fram innan við þremur mánuðum fyrir skráningu innan Sambandsins.

3. Þessi reglugerð gildir ekki um ökutæki til sérstakra nota eins og þau eru skilgreind í 5. lið A-hluta II. viðauka við tilskipun 2007/46/EB.

3. gr.

Skilgreiningar

1. Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „sértæk meðaltalslosun koltvísýrings“: meðaltal sértækrar losunar koltvísýrings, að því er varðar framleiðanda, frá öllum léttum atvinnuökutækjum sem hann framleiðir,
- b) „samræmisvottorð“: vottorðið sem um getur í 18. gr. tilskipunar 2007/46/EB,

c) „fullbúið ökutæki í áföngum“: ökutæki sem fær gerðarviðurkenningu þegar það hefur farið í gegnum öll þrep fjölpæpa gerðarviðurkenningar í samræmi við tilskipun 2007/46/EB,

d) „fullbúið ökutæki“: ökutæki sem þarf ekki að vera fullbúið í áföngum til að uppfylla viðeigandi tæknilegar kröfur tilskipunar 2007/46/EB,

e) „grunnökutæki“: ökutæki sem notað er á fyrsta þrepi fjölpæpa gerðarviðurkenningar,

f) „framleiðandi“: einstaklingur eða aðili sem er ábyrgur gagnvart viðurkenningaryfirvaldinu fyrir öllum þáttum EB-gerðarviðurkenningaraðferðarinnar í samræmi við tilskipun 2007/46/EB, svo og fyrir samræmi framleiðslunnar,

g) „massi“: massi ökutækis með yfirbyggingu þegar það er tilbúið til aksturs, eins og tilgreint er í samræmisvottorðinu og skilgreint í lið 2.6 í I. viðauka við tilskipun 2007/46/EB,

h) „sértæk losun koltvísýrings“: sú losun koltvísýrings frá léttu atvinnuökutæki sem er mæld í samræmi við reglugerð (EB) nr. 715/2007 og er tilgreind sem massi koltvísýringslosunar (blandaður akstur) í samræmisvottorði fullbúins ökutækis eða fullbúins ökutækis í áföngum.

i) „markmið um sértæka losun“: meðaltal leiðbeinandi sértækrar losunar koltvísýrings sem er ákvörðuð í samræmi við I. viðauka, að því er varðar framleiðanda, með tilliti til allra nýrra, léttu atvinnuökutækja sem hann framleiðir eða ef framleiðanda er veitt undanþága í samræmi við 11. gr., markmið um sértæka losun sem ákvarðað er í samræmi við þá undanþágu,

j) „grunnflötur“: meðalsporvidd margfölduð með hjólhafi bifreiðar, eins og tilgreint er í samræmisvottorðinu og skilgreint í liðum 2.1 og 2.3 í I. viðauka við tilskipun 2007/46/EB,

k) „farmþungi“: munurinn á tæknilega leyfilegum hámarks massa með hleðslu skv. II. viðauka við tilskipun 2007/46/EB og massa ökutækisins,

2. Í þessari reglugerð er „hópur tengdra framleiðenda“ framleiðandinn og tengd fyrirtæki. Hvað varðar framleiðendur eru „tengd fyrirtæki“:

a) fyrirtæki þar sem framleiðandinn, beint eða óbeint:

- i. ræður yfir meirihluta atkvæða, eða
- ii. getur skipað meira en helming fulltrúa í fyrstjórnum eða stjórn fyrirtækisins eða aðila sem eru löglegir fulltrúar fyrirtækisins eða
- iii. hefur rétt til að stýra rekstri fyrirtækisins,

- b) fyrirtæki sem hafa, beint eða óbeint, einhver þau réttindi eða völd yfir framleiðandanum, sem um getur í a-lið,
- c) fyrirtæki þar sem eitt fyrirtæki, sem um getur í b-lið, hefur, beint eða óbeint, þau réttindi eða völd sem tilgreind eru í a-lið,
- d) fyrirtæki þar sem framleiðandi og eitt eða fleiri fyrirtækjanna, sem eru talin upp í a-, b- eða c-lið, eða þar sem tvö eða fleiri af síðastnefndu fyrirtækjunum, hafa sameiginlega þau réttindi eða völd sem tilgreind eru í a-lið,
- e) fyrirtæki þar sem framleiðandi eða eitt eða fleiri tengdra fyrirtækja, sem um getur í a- til d-lið, og einn eða fleiri þriðji aðili hafa sameiginlega þau réttindi eða völd sem tilgreind eru í a-lið.

4. gr.

Markmið um sértæka losun

Hverjum framleiðanda léttra atvinnuökutækja er skylt, fyrir almanaksárið sem hefst 1. janúar 2014 og fyrir öll eftirfarandi almanaksár, að tryggja að meðaltal sértækrar losunar á koltvísýringi fari ekki yfir markmið hans um sértæka losun sem ákvarðað er í samræmi við I. viðauka eða, í þeim tilfellum þar sem framleiðanda er veitt undanþága skv. 11. gr., í samræmi við þá undanþágu.

Ef sértæk losun fullbúins ökutækis í áföngum er ekki tiltæk skal framleiðandi grunnökutækisins nota sértæka losun grunnökutækisins til að ákvarða meðaltal sértækrar losunar þess á koltvísýringi.

Til að ákvarða sértæka meðaltalslosun koltvísýrings fyrir hvern framleiðanda skal reikna með eftirfarandi hundradshlutum af öllum nýjum, léttum atvinnuökutækjum hvers framleiðanda sem skráð eru á viðkomandi ári:

- 70% á árinu 2014,
- 75% á árinu 2015,
- 80% á árinu 2016,
- 100% frá og með 2017.

5. gr.

Sérstakar ívilnanir

Við útreikning á meðaltali sértækrar losunar koltvísýrings skulu öll ný, létt atvinnuökutæki með sértæka losun á koltvísýringi sem er minni en 50 g af koltvísýringi á kílómetra reiknast sem:

- 3,5 létt atvinnuökutæki á árinu 2014,
- 3,5 létt atvinnuökutæki á árinu 2015,
- 2,5 létt atvinnuökutæki á árinu 2016,
- 1,5 létt atvinnuökutæki á árinu 2017,
- 1 létt atvinnuökutæki frá og með 2018.

Á meðan kerfi fyrir sérstakar ívilnanir er í gildi skal hámarksfjöldi nýrra léttra atvinnuökutækja, með sértæka losun koltvísýrings, sem er minni en 50 g af koltvísýringi á kílómetra, og sem taka á tillit til við beitingu margfaldaranna, sem settir eru fram í fyrstu málsgrein, ekki vera meiri en 25 000 létt atvinnuökutæki fyrir hvern framleiðanda.

6. gr.

Markmið um sértæka losun fyrir létt atvinnuökutæki sem ganga fyrir óhefðbundnu eldsneyti

Til að ákvarða hvort framleiðandi fylgir markmiðum sínum um sértæka losun sem um getur í 4. gr., skal draga úr sértækri losun koltvísýrings fyrir hvert létt atvinnuökutæki, sem hannað er til að geta gengið fyrir blöndu bensíns með 85% lífetanóli („E85“) og sem uppfyllir viðeigandi löggjöf Sambandsins eða evrópska tæknistaðla, eigi síðar en 31. desember 2015 til að viðurkenna hversu tæknilega auðveldara er að draga úr losun þegar ökutæki ganga fyrir lífaldsneyti. Að draga úr losun með þessum hætti gildir aðeins ef a.m.k. 30% áfyllistöðva í aðildarríkinu, þar sem ökutækið er skráð, bjóða upp á þessa tegund óhefðbundins eldsneytis sem er í samræmi við viðmiðanir um sjálfbærni fyrir lífaldsneyti í viðkomandi löggjöf Sambandsins.

7. gr.

Stofnun samlags

1. Framleiðendur nýrra léttra atvinnuökutækja, aðrir en þeir framleiðendur sem hlotið hafa undanþágu skv. 11. gr., mega stofna til samlags til að mæta skyldum sínum skv. 4. gr.

2. Samningur um að stofna til samlags má ná yfir eitt eða fleiri almanaksár, að því gefnu að heildarlengd hvers samnings sé ekki meiri en fimm almanaksár, og það verður að öðlast gildi fyrir 31. desember á fyrsta almanaksárinu sem losun á að reiknast innan samlagsins. Framleiðendur sem stofna til samlags skulu senda eftirfarandi upplýsingar til framkvæmdastjórnarinnar um:

- a) framleiðendur sem taka þátt í samlaginu,
- b) framleiðanda sem er tilnefndur sem samlagsstjóri og verður tengiliður fyrir samlagið og ábyrgur fyrir því að greiða allt umframlosunargjald sem lagt er á samlagið í samræmi við 9. gr.,
- c) gögn sem sýna fram á að samlagsstjórinn geti uppfyllt skyldur sínar samkvæmt b-lið.

3. Þegar tilnefndur samlagsstjóri nær ekki að uppfylla kröfuna um að greiða allt umframlosunargjald sem lagt er á samlagið, í samræmi við 9. gr., skal framkvæmdastjórnin tilkynna framleiðendum um það.

4. Framleiðendur sem taka þátt í samlagi skulu upplýsa framkvæmdastjórnina sameiginlega um breytingar sem varða samlagsstjórnann eða fjárhag samlagsins, ef slíkar breytingar hafa áhrif á getu þess til að greiða allt umframlosunargjald sem lagt er á samlagið, í samræmi við 9. gr., og um allar breytingar á þátttöku í samlaginu eða ef það verður leyst upp.

5. Framleiðendum er heimilt að taka þátt í samlagsfyrirkomulagi, að því tilskildu að samningur þeirra á milli uppfylli ákvæði 101. og 102. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og að þeir heimili öllum framleiðendum, sem óska eftir þátttöku í samlaginu, að gera það á opnum og gegnsæjum forsendum, án mismununar og á sanngjörnum viðskiptaforsendum. Með fyrirvara um almennar samkeppnisreglur Sambandsins um samlög af þessu tagi skulu allir þátttakendur í samlagi einkum tryggja að samnýting gagna og upplýsingaskipti eigi sér ekki stað innan samlagsfyrirkomulagsins, nema hvað varðar eftirfarandi upplýsingar:

- a) sértæka meðaltalslosun koltvísýrings,
- b) markmið um sértæka losun,
- c) heildarfjölda skráðra ökutækja.

6. Ákvæði 5. mgr. gilda ekki þegar allir framleiðendur í tilteknu samlagi eru hluti af sama hópi tengdra framleiðenda.

7. Framleiðendur í samlagi, sem skila inn upplýsingum til framkvæmdastjórnarinnar, skulu teljast sem einn framleiðandi þegar kemur að því að uppfylla skyldurnar skv. 4. gr., nema þegar tilkynning hefur borist skv. 3. gr. Upplýsingar um vöktun og skýrslugjöf hvað varðar einstaka framleiðendur og samlög verða skráðar, tilkynntar og aðgengilegar í miðlægri skrá sem um getur í 4. mgr. 8. gr.

8. gr.

Vöktun á meðaltalslosun og skýrslugjöf

1. Hvert aðildarríki skal skrá upplýsingar um öll ný, létt atvinnuökutæki sem skráð eru á yfirráðsvæði þess fyrir almanaksárið sem hefst 1. janúar 2012 og fyrir öll eftirfarandi almanaksár í samræmi við A-hluta II. viðauka. Þessar upplýsingar skulu gerðar aðgengilegar framleiðendum og tilteknum innflytjendum þeirra eða fulltrúum í hverju aðildarríki. Aðildarríkin skulu leita allra leiða til að tryggja að eftirlitsaðilarnir starfi með gagnsæjum hætti.

2. Frá og með árinu 2013 skal hvert aðildarríki ákvarða og senda framkvæmdastjórninni þær upplýsingar, sem skráðar eru í B-hluta II. viðauka og varða næstliðið almanaksár, fyrir 28. febrúar ár hvert. Gögnin skulu send með því sniði sem er tilgreint í C-hluta II. viðauka.

3. Fari framkvæmdastjórnin þess á leit skal aðildarríki einnig senda öll gögnin sem var safnað skv. 1. mgr.

4. Framkvæmdastjórnin skal halda miðlæga skrá yfir gögn úr skýrslugjöf aðildarríkjanna og skal þessi skrá vera aðgengileg öllum. Eigi síðar en 30. júní 2013 og á hverju ári eftir það skal framkvæmdastjórnin, til bráðabirgða, reikna eftirfarandi út hvað varðar hvern framleiðanda:

- a) sértæka meðaltalslosun koltvísýrings á næstliðnu almanaksári,

- b) markmið um sértæka losun á næstliðnu almanaksári,

- c) mismuninn á sértækri meðaltalslosun koltvísýrings á næstliðnu almanaksári og markmiði hans um sértæka losun fyrir það ár.

Framkvæmdastjórnin skal tilkynna hverjum framleiðanda um bráðabirgðaútreikning sinn. Í tilkynningunni skulu koma fram, fyrir hvert aðildarríki, gögn um fjölda nýrra, létttra atvinnuökutækja og sértæka losun koltvísýrings frá þessum ökutækjum.

5. Innan þriggja mánaða frá því að tilkynnt hefur verið um bráðabirgðaútreikninginn skv. 4. mgr. er framleiðendum heimilt að tilkynna framkvæmdastjórninni um villur í gögnunum og tilgreina sérstaklega í hvaða aðildarríki það telur villuna eiga við.

6. Framkvæmdastjórnin skal skoða allar tilkynningar frá framleiðendum og annaðhvort staðfesta eða leiðrétta bráðabirgðaútreikninginn skv. 4. mgr. fyrir 31. október.

7. Hvað varðar almanaksárin 2012 og 2013 og á grundvelli útreikninganna, sem gerðir voru skv. 5. mgr., skal framkvæmdastjórnin tilkynna framleiðanda um það ef framkvæmdastjórnin telur að sértæk meðaltalslosun þessa framleiðanda á koltvísýringi sé meiri en markmið hans um sértæka losun.

8. Í hverju aðildarríki skal lögbæra yfirvaldið, sem safnar vöktunargögnum og framsendir þau í samræmi við þessa reglugerð, vera það yfirvald sem tilnefnt er í samræmi við 7. mgr. 8. gr. í reglugerð (EB) nr. 443/2009.

9. Framkvæmdastjórnin skal samþykka ítarlegar reglur um vöktun og skýrslugjöf hvað varðar gögnin sem þessi grein nær til og um beitingu II. viðauka. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 14. gr.

Svo tekið sé tillit til fenginnar reynslu af beitingu þessarar reglugerðar getur framkvæmdastjórnin breytt II. viðauka með framseldum gerðum í samræmi við 15. gr., og með fyrirvara um skilyrðin sem kveðið er á um í 16. og 17. gr.

10. Aðildarríki skulu einnig safna og gera grein fyrir gögnum, í samræmi við þessa grein, um skráningar ökutækja í flokki M₂ og N₂ eins og skilgreint er í II. viðauka við tilskipun 2007/46/EB með viðmiðunarmassa, sem er ekki meiri en 2610 kíló, og ökutæki sem gerðarviðurkenning hefur verið rýmkuð fyrir í samræmi við 2. mgr. 2. gr. í reglugerð (EB) nr. 715/2007.

9. gr.

Umframlosunargjald

1. Að því er varðar tímabilið frá 1. janúar til 31. desember 2014 og hvert almanaksár þar á eftir skal framkvæmdastjórnin leggja umframlosunargjald á framleiðanda eða samlagsstjóra, eftir því sem við á, þegar sértæk meðaltalslosun einhvers framleiðanda á koltvísýringi er meiri en markmið hans um sértæka losun.

2. Útreikningar á umframlosunargjaldinu skv. 1. mgr. skulu byggjast á eftirfarandi formúlum:

a) Frá 2014 til 2018:

i. fyrir umframlosun sem er meiri en 3 g af koltvísýringi á kílómetra:

$$((\text{Umframlosun} - 3 \text{ g af koltvísýringi á kílómetra}) \times 95 \text{ evrur} + 45 \text{ evrur}) \times \text{fjöldi nýrra, léttra atvinnuökutækja,}$$

ii. fyrir umframlosun sem er meiri en 2 g af koltvísýringi á kílómetra en ekki meiri en 3 g af koltvísýringi á kílómetra:

$$((\text{Umframlosun} - 2 \text{ g af koltvísýringi á kílómetra}) \times 25 \text{ evrur} + 20 \text{ evrur}) \times \text{fjöldi nýrra, léttra atvinnuökutækja,}$$

iii. fyrir umframlosun sem er meiri en 1 g af koltvísýringi á kílómetra en ekki meiri en 2 g af koltvísýringi á kílómetra:

$$((\text{Umframlosun} - 1 \text{ g af koltvísýringi á kílómetra}) \times 15 \text{ evrur} + 5 \text{ evrur}) \times \text{fjöldi nýrra, léttra atvinnuökutækja,}$$

iv. fyrir umframlosun sem er ekki meiri en 1 g af koltvísýringi á kílómetra:

$$(\text{Umframlosun} \times 5 \text{ evrur}) \times \text{fjöldi nýrra léttra atvinnuökutækja,}$$

b) Frá 2019:

$$(\text{Umframlosun} \times 95 \text{ evrur}) \times \text{fjöldi nýrra léttra atvinnuökutækja.}$$

Í þessari grein er merking eftirfarandi hugtaka eins og hér segir:

— „umframlosun“: jákvæður fjöldi gramma á kílómetra, sem sértæk meðaltalslosun framleiðanda á koltvísýringi, að teknu tilliti til þess að dregið er úr losun koltvísýrings vegna nýsköpunartækni sem hefur verið viðurkennd í samræmi við 12. gr., er hærrí en markmið hans um sértæka losun á almanaksárinu eða á hluta þess, sem skuldbindingin skv. 4. gr. gildir um, námundað að næstu þremur aukastöfum.

— „fjöldi nýrra, léttra atvinnuökutækja“: fjöldi nýrra, léttra atvinnuökutækja sem framleiðandinn framleiðir og var skráður á því tímabili samkvæmt viðmiðununum um innleiðingu í áföngum sem settar eru fram í 4. gr.

3. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ítarlegt fyrirkomulag við innheimtu á umframlosunargjaldi skv. 1. mgr. þessarar greinar. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 14. gr.

4. Fjárhæðir umframlosunargjaldsins skulu reiknast sem tekjur í almennum fjárlögum Evrópusambandsins.

10. gr.

Birting á frammistöðu framleiðenda

1. Eigi síðar en 31. október og fyrir 31. október á hverju ári eftir það skal framkvæmdastjórnin birta skrá þar sem eftirfarandi er tilgreint fyrir hvern framleiðanda:

a) markmið hans um sértæka losun á næstliðnu almanaksári,

b) sértæk meðaltalslosun hans á koltvísýringi á næstliðnu almanaksári,

c) mismunurinn á sértækri meðaltalslosun koltvísýrings af hálfu framleiðandans á næstliðnu almanaksári og markmiði hans um sértæka losun fyrir það ár,

d) sértæk meðaltalslosun á koltvísýringi frá öllum nýjum, léttum atvinnuökutækjum í Bandalaginu á næstliðnu almanaksári,

e) meðalmassi allra nýrra, léttra atvinnuökutækja sem skráð voru í Sambandinu á næstliðnu almanaksári.

2. Frá 31. október 2015 skal einnig geta þess í skránni, sem um getur í 1. mgr., hvort framleiðandinn stóðst kröfurnar í 4. gr. hvað varðar næstliðið almanaksár.

11. gr.

Undanþágur fyrir tiltekna framleiðendur

1. Framleiðandi getur sótt um undanþágu frá markmiðinu um sértæka losun, sem er reiknað út í samræmi við I. viðauka, ef hann framleiðir færri en 22 000 ný, létt atvinnuökutækji sem skráð eru í Sambandinu á hverju almanaksári og ef hann:

a) er ekki hluti af hópi tengdra framleiðenda,

b) er hluti af hópi tengdra framleiðenda sem ber samtals ábyrgð á færri en 22 000 nýjum, léttum atvinnuökutækjum sem skráð eru í Sambandinu á almanaksárinu eða

c) er hluti af hópi tengdra framleiðenda en starfrækir eigin framleiðslustöðvar og hönnunarmiðstöð.

2. Heimilt er að veita undanþágu skv. 1. mgr. fyrir í mesta lagi fimm almanaksár. Umsóknin skal lögð fyrir framkvæmdastjórnina og hún skal innihalda:

a) heiti framleiðandans og nafn tengiliðar hans,

b) gögn sem staðfesta að framleiðandinn eigi rétt á undanþágu skv. 1. mgr.,

c) upplýsingar um þau, léttu atvinnuökutækji sem hann framleiðir, þ.m.t. massa þessara léttu atvinnuökutækja og sértæka koltvísýringslosun þeirra og

d) markmið um sértæka losun í samræmi við getu framleiðandans til að draga úr losun, þ.m.t. efnahagslega og tæknilega getu hans til að draga úr sértækri losun sinni á koltvísýringi og að teknu tilliti til eiginleika þess markaðar sem tegund léttu atvinnuökutækisins er framleidd fyrir.

3. Framkvæmdastjórnin skal veita framleiðanda undanþágu þegar hún telur framleiðanda eiga rétt á því skv. 1. mgr. og er þess fullviss að markmiðið um sértæka losun sem framleiðandinn leggur til sé í samræmi við getu hans til að draga úr losun, þ.m.t. efnahagslega og tæknilega getu hans til að draga úr sértækri losun sinni á koltvísýringi og að teknu tilliti til eiginleika þess markaðar sem tegund létta atvinnuökutækisins er framleidd fyrir. Undanþágan gildir frá 1. janúar árið eftir þá dagsetningu sem undanþága er veitt.

4. Framleiðandi sem hlotið hefur undanþágu í samræmi við þessa grein skal tilkynna framkvæmdastjórninni umsvifalaust um allar breytingar sem hafa áhrif á eða geta haft áhrif á rétt hans til undanþágu.

5. Þegar framkvæmdastjórnin telur framleiðanda ekki lengur eiga rétt á undanþágu, hvort sem er á grundvelli tilkynningar skv. 4. mgr. eða af öðrum sökum, skal hún afturkalla undanþáguna frá og með 1. janúar á næsta almanaksári og skal hún tilkynna framleiðanda um ákvörðun sína.

6. Þegar framleiðandi nær ekki að uppfylla markmið sitt um sértæka losun skal framkvæmdastjórnin gera honum að greiða umframlosunargjald, í samræmi við 9. gr.

7. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja reglur til viðbótar við 1. til 6. málsgrein þessarar greinar, m.a. um túlkun á viðmiðunum vegna undanþáguréttar, um innihald umsókna og um innihald og mat á áætlunum um að draga úr sértækri losun á koltvísýringi, með framseldum gerðum í samræmi við 15. gr. og með fyrirvara um þau skilyrði sem mælt er fyrir um í 16. og 17. gr.

8. Umsóknir um undanþágu, þ.m.t. upplýsingar þeim til stuðnings, tilkynningar skv. 4. mgr., afturkallanir skv. 5. mgr., allar álagningar á umframlosunargjaldi skv. 6. mgr. og gerðir sem samþykktar eru skv. 7. mgr., skulu vera aðgengilegar almenningi, með fyrirvara um reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar⁽¹⁾.

12. gr.

Vistvæn nýsköpun

1. Að fenginni umsókn frá birgi eða framleiðanda skal taka til greina þann koltvísýringssparnað sem náðst hefur með notkun á nýsköpunartækni. Samanlagt framlag slíkrar tækni til að lækka markmið framleiðanda um sértæka losun getur verið allt að 7 g af koltvísýringi á kílómetra.

2. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ítarleg ákvæði um málsmeðferð til að samþykkja slíka nýsköpunartækni fyrir 31. desember 2012. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í

samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 14. gr. í þessari reglugerð. Þessi ítarlegu ákvæði skulu vera í samræmi við ákvæðin sem kveðið er á um í 2. mgr. 12. gr. í reglugerð (EB) nr. 443/2009, og vera grundvölluð á eftirfarandi viðmiðunum um nýsköpunartækni:

- birgirinn eða framleiðandinn verður að bera ábyrgð á þeim koltvísýringssparnaði sem næst fram með notkun nýsköpunartækninnar,
- áhrif nýsköpunartækninnar til minnkunar á losun koltvísýrings verða að vera sannpröfuð,
- nýsköpunartæknin má hvorki vera hluti af stöðluðu prófunarlotunni sem mælir koltvísýring né af skyldubundnum ákvæðum sem til koma vegna viðbótarráðstafana sem samræmast þeirri minnkun um 10 g af koltvísýringi á kílómetra sem um getur í 1. gr. í reglugerð (EB) nr. 443/2009 eða vera skyldubundin samkvæmt neinum öðrum ákvæðum laga Sambandsins.

3. Birgir eða framleiðandi sem sækir um að ráðstöfun verði viðurkennd sem nýsköpunartækni skal leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina, þ.m.t. sannpröfunarskýrslu sem gerð hefur verið af sjálfstæðum og vottuðum aðila. Tekið skal fram í skýrslunni ef til mögulegrar víxlverkunar kemur á milli þessarar ráðstöfunar og annarrar nýsköpunartækni sem þegar hefur verið viðurkennd og skal það metið í sannpröfunarskýrslunni að hve miklu leyti þessi víxlverkun hefur áhrif á þá minnkun sem hvor ráðstöfun fyrir sig nær fram.

4. Framkvæmdastjórnin skal staðfesta þá minnkun sem næst fram og byggja á þeim viðmiðunum sem settar eru fram í 2. mgr.

13. gr.

Endurskoðun og skýrslugjöf

1. Fyrir 1. janúar 2013 skal framkvæmdastjórnin ljúka endurskoðun á markmiðunum um sértæka losun í I. viðauka og á undanþágunum í 11. gr., í þeim tilgangi að skilgreina:

- fyrirkomulagið til að ná fyrir árið 2020, með fyrirvara um staðfestingu á hagkvæmni þess á grundvelli uppfærðra niðurstaðna á mati á áhrifum, langtímamarkmiði um 147 g af koltvísýringi á kílómetra á kostnaðarhagkvæman hátt, og
- ólíka þætti í framkvæmd þessa markmiðs, þ.m.t. umframlosunargjaldið.

Á grundvelli slíkrar endurskoðunar og mati á áhrifum sem koma fram í henni, þ.m.t. heildarmati á áhrifunum á bifreiðaiðnaðinn og skyldan iðnað, skal framkvæmdastjórnin, ef við á, leggja fram tillögu um breytingu á þessari reglugerð, í samræmi við almennu lagasetningarmeðferðina, sem er eins hlutlaus og unnt er út frá samkeppnisþjónarmiðum og er félagslega sanngjörn og sjálfbær.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 145, 31.5.2001, bls. 43.

2. Framkvæmdastjórnin skal, ef við á, leggja fram tillögu til Evrópuþingsins og ráðsins fyrir 2014, um að fella inn í þessa reglugerð ökutæki í flokki N₂ og flokki M₂, líkt og skilgreint er í II. viðauka við tilskipun 2007/46/EB, með viðmiðunarmassa sem er ekki meiri en 2610 kg sem gerðarviðurkenning er rýmkuð fyrir í samræmi við 2. mgr. 2. gr. í reglugerð (EB) nr. 715/2007, með það fyrir augum að ná langtímamarkmiðinu frá og með 2020.

3. Eftir mat á áhrifunum skal framkvæmdastjórnin, fyrir árið 2014, birta skýrslu um fyrirliggjandi gögn um grunnflöt og farmþunga sem og um notkun þeirra sem mæliþátta er varða notkun þegar markmið um sértæka losun eru ákvörðuð og, ef við á, leggja tillögu fyrir Evrópuþingið og ráðið um að breyta I. viðauka í samræmi við almennu lagasetningarmeðferðina.

4. Framkvæmdastjórnin skal koma á verklagsreglum fyrir 31. desember 2011 til að fá dæmigerð gildi fyrir losun á koltvísýringi, eldsneytisnýtni og massa fullbúinna ökutækja í áföngum um leið og séð er til þess að framleiðandi grunnökutækisins fái tímanlega aðgang að massa og sértækri losun á koltvísýringi fullbúna ökutækisins í áföngum.

5. Fyrir 31. október 2016 og á þriggja ára fresti eftir það skal framkvæmdastjórnin breyta I. viðauka með framseldum gerðum í samræmi við 15. gr., og með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í 16. og 17. gr., til að lagfæra tölugildið M₀, sem um getur þar, þannig að það vísi til meðalmassa nýrra léttra atvinnuökutækja á næstliðnum þremur almanaksárum.

Þessar lagfæringar taka gildi í fyrsta skipti þann 1. janúar 2018 og á þriggja ára fresti eftir það.

6. Framkvæmdastjórnin skal fella létt atvinnuökutæki inn í endurskoðun aðferðanna við að mæla losun á koltvísýringi í samræmi við 3. mgr. 13. gr. í reglugerð (EB) nr. 443/2009.

Frá gildistökuðegi endurskoðaðrar aðferðar við mælingu á losun koltvísýrings skal nýsköpunartækni ekki lengur teljast viðurkennd samkvæmt þeirri aðferð sem sett er fram í 12. gr.

Framkvæmdastjórnin skal fella létt atvinnuökutæki inn í endurskoðun tilskipunar 2007/46/EB í samræmi við 4. mgr. 13. gr. í reglugerð (EB) nr. 443/2009.

Til að endurspegla hverjar þær breytingar sem verða á lögbundnu prófunaraðferðinni vegna mælingar á sértækri losun koltvísýrings skal framkvæmdastjórnin aðlaga formúlurnar sem settar eru fram í I. viðauka, með framseldum gerðum í samræmi við 15. gr., og með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í 16. og 17. gr.

14. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar um loftslagsbreytingar sem komið var á fót með 9. gr. ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB frá 11. febrúar 2004 um aðferð til að vakta losun gróðurhúsalofttegunda í Bandalaginu og um framkvæmd Kýótóbókunarinnar⁽¹⁾. Sú nefnd er nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

15. gr.

Beiting framseldra gerða

1. Vald til að samþykkja framseldar gerðir, sem um getur í annarri undirgrein 9. mgr. 8. gr., 7. mgr. 11. gr., 5. mgr. 13. gr. og fjórðu undirgrein 6. mgr. 13. gr., skal falið framkvæmdastjórninni í fimm ár frá 3. júní 2011. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu að því er varðar framsal valds eigi síðar en sex mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Framsal valds skal sjálfkrafa framlengt um jafn langan tíma nema Evrópuþingið eða ráðið afturkalli það í samræmi við 16. gr.

2. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

3. Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja framseldar gerðir með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í 16. og 17. gr.

16. gr.

Afturköllun framsals

1. Evrópuþingið og ráðið mega hvenær sem er afturkalla framsal valds sem um getur í annarri undirgrein 9. mgr. 8. gr., 7. mgr. 11. gr., 5. mgr. 13. gr. og fjórðu undirgrein 6. mgr. 13. gr.

2. Sú stofnun sem hafið hefur innri málsmeðferð til að skera úr um hvort afturkalla eigi framsal valds skal leitast við að upplýsa hina stofnunina og framkvæmdastjórnina með hæfilegum fyrirvara áður en endanleg ákvörðun er tekin og tilgreina hvaða valdheimildir, sem hafa verið framseldar, gætu verið afturkallaðar og mögulegar ástæður fyrir því.

3. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endir á framsal þess valds sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Skal hún öðlast gildi tafarlaust, eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi. Hún skal birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(¹) Stjttíð. EB L 49, 19.2.2004, bls. 1.

17. gr.

Andmæli við framseldar gerðir

1. Evrópuþingið eða ráðið getur andmælt framseldri gerð innan tveggja mánaða frá tilkynningardegi.

Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

2. Hafi hvorki Evrópuþingið né ráðið andmælt framseldri gerð þegar tímabilið, sem um getur í 1. mgr., rennur út skal hún birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins og öðlast gildi á þeim degi sem þar er tilgreindur.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 11. maí 2011.

Fyrir hönd Evrópuþingsins

J. BUZEK

Forseti

Áður en þetta tímabil rennur út má birta framseldu gerðina í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og hún öðlast gildi ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum.

3. Andmæli annaðhvort Evrópuþingið eða ráðið framseldri gerð innan þess tímabils sem um getur í 1. mgr. öðlast hún ekki gildi. Sú stofnun sem andmælir framseldu gerðinni skal tilgreina ástæðurnar fyrir því.

18. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Fyrir hönd ráðsins,

GYŐRI E.

Forseti

*I. VIÐAUKI***MARKMIÐ UM SÉRTÆKA LOSUN KOLTVÍSÝRINGS**

1. Leiðbeinandi sértæk losun koltvísýrings fyrir hvert létt atvinnuökutæki, reiknuð í grömmum á kílómetra, skal ákvörðuð í samræmi við eftirfarandi formúlur:

a) Frá 2014 til 2017:

$$\text{Leiðbeinandi sértæk losun koltvísýrings} = 175 + a \times (M - M_0)$$

þar sem:

M = massi ökutækis í kílógrömmum (kg)

$$M_0 = 1706,0$$

$$a = 0,093.$$

b) Frá 2018:

$$\text{Leiðbeinandi sértæk losun koltvísýrings} = 175 + a \times (M - M_0)$$

þar sem:

M = massi ökutækis í kílógrömmum (kg)

M₀ = gildi sem samþykkt er skv. 5. mgr. 13. gr.

$$a = 0,093.$$

2. Markmið um sértæka losun hvers framleiðenda á almanaksári skal reiknað út sem meðaltal sértækrar losunar koltvísýrings fyrir hvert nýtt, létt atvinnuökutæki sem framleiðandi framleiðir og er skráð á því almanaksári.

II. VIÐAUKI

VÖKTUN Á LOSUN OG SKÝRSLUGJÖF

A. Gagnasöfnun um ný, létt atvinnuökutæki og ákvörðun um vöktunargögn vegna losunar koltvísýrings

1. Fyrir árið sem hefst 1. janúar 2012 og fyrir öll eftirfarandi ár skulu aðildarríki skrá eftirtaldir upplýsingar fyrir hvert, nýtt atvinnuökutæki sem er skráð á yfirlýðingavæði þeirra:

- a) framleiðanda,
- b) gerð, afbrigði og útfærslu,
- c) sértæka losun koltvísýrings (g/km),
- d) massa (kg),
- e) hjólhaf (mm),
- f) sporvidd stýriáss (mm) og hins ássins (mm),
- g) tæknilega leyfilega hámarks massa með hleðslu (í kg) skv. III. viðauka við tilskipun 2007/46/EB.

2. Upplýsingarnar sem um getur í 1. lið skulu koma úr samræmisvottorði viðkomandi létt atvinnuökutækis. Þegar bæði hámarksmassi og lágmarksmassi létt atvinnuökutækis er gefinn upp í samræmisvottorðinu skal aðildarríkið aðeins notast við tölugildi hámarks massa að því er þessa reglugerð varðar. Þegar um er að ræða ökutæki, sem gerð eru fyrir tvær tegundir eldsneytis (bensín/gas) og þar sem tilgreind eru í samræmisvottorðinu tölugildi fyrir losun koltvísýrings vegna beggja tegunda eldsneytis, skulu aðildarríki einungis nota tölugildin fyrir gas.

3. Hvert aðildarríki skal skilgreina, í samræmi við þær aðferðir, sem settar eru fram í B-hluta í þessum viðauka, fyrir almanaksárið sem hefst 1. janúar 2012 og fyrir öll eftirfarandi almanaksár, eftirfarandi hvað varðar hvern framleiðanda:

- a) heildarfjöldi nýskráðra, léttra atvinnuökutækja á yfirlýðingavæði aðildarríkisins,
- b) sértæka meðaltalslosun koltvísýrings skv. 2. lið B-hluta þessa viðauka,
- c) meðal massa skv. 3. lið B-hluta þessa viðauka,
- d) fyrir hverja útfærslu af hverju afbrigði af hverri gerð nýrra, léttra atvinnuökutækja:
 - i. heildarfjöldi nýskráðra, léttra atvinnuökutækja á yfirlýðingavæði aðildarríkis skv. 4. lið B-hluta þessa viðauka,
 - ii. sértæka meðaltalslosun koltvísýrings,
 - iii. massann,
 - iv. grunnflöt ökutækisins, eins og tilgreint er í 5. lið B-hluta þessa viðauka.
 - v. farmþungann.

B. Aðferðir til að ákvarða vöktunargögn um losun koltvísýrings frá nýjum, léttum atvinnuökutækjum

Vöktunargögn, sem aðildarríkjunum er skylt að ákvarða í samræmi við 3. lið A-hluta í þessum viðauka, skulu ákvörðuð í samræmi við aðferðafræðina í þessum hluta.

1. Fjöldi nýskráðra, léttra atvinnuökutækja (N)

Aðildarríkin skulu ákvarða fjölda nýrra, léttra atvinnuökutækja sem hafa verið skráð á yfirlýðingavæði þeirra á viðkomandi vöktunarári (N).

2. Meðaltal sértækrar losunar koltvísýrings frá nýjum, léttum atvinnuökutækjum (S_{ave})

Meðaltal sértækrar losunar koltvísýrings frá öllum nýjum, léttum atvinnuökutækjum sem nýskráð eru á yferráðasvæði aðildarríkisins á vöktunarárinu (S_{ave}) er reiknað út með því að deila summu hinnar sértæku losunar koltvísýrings frá öllum einstökum nýjum ökutækjum, S , með fjölda nýrra ökutækja, N .

$$S_{ave} = (1/N) \times \Sigma S.$$

3. Meðalmassi nýrra, léttra atvinnuökutækja

Meðalmassi allra nýrra, léttra atvinnuökutækja sem nýskráð eru á yferráðasvæði aðildarríkisins á vöktunarárinu (M_{ave}) er reiknaður út með því að deila summu massa allra nýrra ökutækja, M , með fjölda nýrra ökutækja, N .

$$M_{ave} = (1/N) \times \Sigma M.$$

4. Skipting nýrra, léttra atvinnuökutækja eftir útfærslu

Fyrir hverja útfærslu af hverju afbrigði af hverri gerð af nýjum, léttum atvinnuökutækjum skal skrá fjölda nýskráðra ökutækja, massa ökutækjanna, sértæka losun koltvísýrings, hjólhaf, sporvíddir og tæknilega leyfilegan hámarks massa ökutækisins með hleðslu.

5. Grunnflötur

Grunnflötur ökutækisins er reiknaður út með því að margfalda hjólhaf ökutækisins með meðalsporvídd ökutækisins.

6. Farmþungi

Farmþungi ökutækisins skal skilgreindur sem munurinn á tæknilega leyfilegum hámarks massa með hleðslu skv. II. viðauka við tilskipun 2007/46/EB og massa ökutækisins.

7. Fullbúin ökutæki í áföngum

Ef um er að ræða fjölþrepa ökutæki skal sértækri losun koltvísýrings frá fullbúnum ökutækjum í áföngum úthlutað á framleiðanda grunnökutækisins.

Til að tryggja að gildin fyrir losun koltvísýrings, eldsneytisnýtni og massa fullbúinna ökutækja í áföngum séu dæmigerð skal framkvæmdastjórnin, án þess þó að leggja óhóflega byrði á framleiðanda grunnökutækisins, setja fram sértækar verklagsreglur um vöktun og skal hún endurskoða og gera nauðsynlegar breytingar á viðeigandi löggeðum um gerðarviðurkenningu eigi síðar en 31. desember 2011.

Þegar slíkar verklagsreglur eru skilgreindar skal framkvæmdastjórnin, ef við á, ákvarða hvernig massi og koltvísýringsgildi eru vöktuð, og skal slíkt byggt á töflu yfir losunargildi koltvísýrings, sem samsvara mismunandi endanlegum tregðuþyngdarflokum, eða byggt eingöngu á einu koltvísýringsgildi, sem leitt er af massa grunnökutækisins, auk sjálfgefins, viðbættis massa samkvæmt flokki N_1 . Í síðara tilvikinu væri þessi massi einnig notaður í C-hluta í þessum viðauka.

Framkvæmdastjórnin skal einnig tryggja að framleiðandi grunnökutækisins fái tímanlega aðgang að upplýsingum um massa fullbúins ökutækis í áföngum og sértæka losun þess á koltvísýringi.

C. Snið fyrir sendingu gagna

Fyrir hvern framleiðanda, fyrir hvert ár skulu aðildarríkin gefa skýrslu um gögnin sem tilgreind eru í 3. lið A-hluta í þessum viðauka, á eftirfarandi sniði:

1. þáttur – Samantekin vöktunargögn

Aðildarríki ⁽¹⁾ :	
Ár:	
Gagnagjafi:	

Framleiðandi	Heildarfjöldi nýrra, léttra atvinnuökutækja sem skráð voru	Fjöldi nýrra, léttra atvinnuökutækja sem eru með losunargildi	Fjöldi nýrra, léttra atvinnuökutækja sem eru með massagildi	Fjöldi nýrra, léttra atvinnuökutækja sem eru með gildi fyrir hjólhaf	Fjöldi nýrra, léttra atvinnuökutækja sem eru með gildi fyrir sporvidd stýriássins	Fjöldi nýrra, léttra atvinnuökutækja sem eru með gildi fyrir sporvidd hins ássins
(Framleiðandi 1)
(Framleiðandi 2)
...
Allir framleiðendur samanlagt

⁽¹⁾ ISO 3166 alfa-2-kóðar að undanskildu Grikklandi og Stóra-Bretlandi sem nota kóðana „EL“ og „UK“.

2. þáttur – Ítarleg vöktunargögn

Heiti framleiðanda Staðlað ESB-heiti	Heiti framleiðanda Staðlað landsbundin heiti	Heiti framleiðanda Heiti í landskrá	Gerð	Afbrigði	Útfærsla	Tegund	Verslunarheiti	Flokkur viðurkenndrar ökutækisgerðar	Flokkur skráðs ökutækis	Heildarfjöldi nýrra skráninga	Sértækt losun koltvísyfrings (g/km)	Massi (kg)	Tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu (kg)	Hjólhaf (mm)	Sporvidd stýriáss (mm)	Sporvidd hins ássins (mm)	Tegund eldsneytis	Eldsneytishamur	Slagrými (cm ³)	Raforkunotkun (Wh/km)	Kóði nýsköpunartekni eða nýsköpunarteknihóps Minkun á losun með aðstoð nýsköpunartekni
Framl. 1	Framl. 1	Framl. 1	Gerð 1	Afbrigði 1	Útfærsla 1
Framl. 1	Framl. 1	Framl. 1	Gerð 1	Afbrigði 1	Útfærsla 2
Framl. 1	Framl. 1	Framl. 1	Gerð 1	Afbrigði 2	Útfærsla 1
Framl. 1	Framl. 1	Framl. 1	Gerð 1	Afbrigði 2	Útfærsla 2
Framl. 1	Framl. 1	Framl. 1	Gerð 2	Afbrigði 1	Útfærsla 1
Framl. 1	Framl. 1	Framl. 1	Gerð 2	Afbrigði 1	Útfærsla 2

Heiti framleiðanda Staðlað ESB-heiti	Heiti framleiðanda Staðlað landsbundin heiti	Heiti framleiðanda Heiti í landsskrá	Gerð	Afbrigði	Útfærsla	Tegund	Verslunarheiti	Flokkur viðurkenndrar ökutækisgerðar	Flokkur skráðs ökutækis	Heildarfjöldi nýrra skráninga	Sértæk losun koltvísýringa (g/km)	Massi (kg)	Tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu (kg)	Hjólhaf (mm)	Sporvidd stýriáss (mm)	Sporvidd hins ássins (mm)	Tegund eldsneytis	Eldsneytishamur	Slagými (cm ³)	Raforkunotkun (Wh/km)	Kóði nýsköpunartækni eða nýsköpunartækniþróps Minnkun á losun með aðstoð nýsköpunartækni
Framl. 1	Framl. 1	Framl. 1	Gerð 2	Afbrigði 2	Útfærsla 1
Framl. 1	Framl. 1	Framl. 1	Gerð 2	Afbrigði 2	Útfærsla 2
Framl. 1	Framl. 1	Framl. 1
Framl. 2	Framl. 2	Framl. 2	Gerð 1	Afbrigði 1	Útfærsla 1
Framl. 2	Framl. 2	Framl. 2	Gerð 1	Afbrigði 1	Útfærsla 2
Framl. 2	Framl. 2	Framl. 2	Gerð 1	Afbrigði 2	Útfærsla 1

Heiti framleiðanda Staðlað ESB-heiti	Heiti framleiðanda Staðlað landsbundið heiti	Heiti framleiðanda Heiti í landsskrá	Gerð	Afbrigði	Útfærsla	Tegund	Verslunarheiti	Flokkur viðurkenndrar ökutækisgerðar	Flokkur skráðs ökutækis	Heildarfjöldi nýrra skráninga	Sértæk losun koltvísýringa (g/km)	Massi (kg)	Tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu (kg)	Hjólhaf (mm)	Sporvidd stýriáss (mm)	Sporvidd hins ássins (mm)	Tegund eldsneytis	Eldsneytishamur	Slagými (cm ³)	Raíforkunoiðkun (Wh/km)	Kóði nýsköpunartækni eða nýsköpunartækniþróps Minnkun á losun með aðstoð nýsköpunartækni
Framl. 2	Framl. 2	Framl. 2	Gerð 1	Afbrigði 2	Útfærsla 2
Framl. 2	Framl. 2	Framl. 2	Gerð 2	Afbrigði 1	Útfærsla 1
Framl. 2	Framl. 2	Framl. 2	Gerð 2	Afbrigði 1	Útfærsla 2
Framl. 2	Framl. 2	Framl. 2	Gerð 2	Afbrigði 2	Útfærsla 1
Framl. 2	Framl. 2	Framl. 2	Gerð 2	Afbrigði 2	Útfærsla 2
Framl. 2	Framl. 2	Framl. 2